

14. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 2. desember 2010, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) **Samvinnunefndar um Svæðisskipulag A-Hún frá 8. nóvember 2010**
- b) **Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra frá 27. október 2010**
- c) **Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra frá 17. nóvember 2010**
- d) **Stjórnar SSNV frá 9. nóvember 2010**
- e) **Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 5. nóvember 2010**
- f) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. október 2010**
- g) **Norðurár bs. frá 6. september 2010**
- h) **Norðurár bs. frá 19. október 2010**

2. Útsvarshlutfall ársins 2011

3. Bréf frá Bs. um menningu og atvinnumál frá 29. nóvember 2010

4. Erindi frá Sjónarhóli frá 8. nóvember 2010

5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 8. nóvember 2010

6. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 23. nóvember 2010

7. Bréf frá Leið ehf. frá 24. nóvember 2010

8. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) **Samvinnunefndar um Svæðisskipulag A-Hún frá 8. nóvember 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Bæjarráð samþykkir að fella niður Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 með fyrirvara um að ekki komi fram athugasemdir á auglýsingatímanum.

Bæjarráð samþykkir að Samvinnunefnd um svæðisskipulag A-Húnavatnssýslu starfi áfram þangað til að svæðisskipulagið verði fellt úr gildi.

- b) **Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra frá 27. október 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

c) Heilbrigðisnefnd Norðuarlands vestra frá 17. nóvember 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar SSNV frá 9. nóvember 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 5. nóvember 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. október 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

g) Norðurár bs. frá 6. september 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

h) Norðurár bs. frá 19. október 2010

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

2. Útsvarshlutfall ársins 2011

Formaður bæjarráðs lagði fram tillögu um að útsvarshlutfall árið 2011 verði óbreytt, þ.e. 13,28%, en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011.

Bæjarráð samþykkir tillöguna samhljóða.

3. Bréf frá Bs. um menningu og atvinnumál frá 29. nóvember 2010

Á fundi stjórnar byggðasamlagsins var tekin fyrir ósk forstöðumanns Heimilisiðnaðarsafnsins um að byggðasamlagið taki að sér fjárhagsleg samskipti við safnið í stað einstakra sveitarfélaga.

Bæjarráðs samþykkir erindið.

4. Erindi frá Sjónarhóli frá 8. nóvember 2010

Óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir Sjónarhól-ráðgjafarmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir.

Erindinu er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2011.

5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 8. nóvember 2010

Bréfið fjallar um framhald verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum og leitað eftir afstöðu samstarfsaðila til að áframhald verði á verkefninu næstu þrjú árin.

Bæjarráð samþykkti að beina því til samstarfsaðila um rekstur Norðurár bs. að byggðasamlagið verði málsvari aðildarsveitarfélaga gagnvart verkefninu.

6. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 23. nóvember 2010

Aðalskipulagsáætlun Blönduósþéjar er til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun. Í bréfinu mælir Skipulagsstofnun eindregið með því að Vegagerðin geri ekki athugasemd við að aðalskipulagsáætlanir Húnavatnshrepps og Blönduósþéjar verði staðfestar með óbreyttri veglínu enda verði sveitarfélögin reiðubúin til að taka þátt í samráðsferli með Vegagerðinni þar sem leitað verði leiða til að finna framtíðarlausn á legu Hringvegjar í Austur-Húnavatnssýslu áður en kemur að næstu endurskoðun aðalskipulagsins.

Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Leið ehf. frá 24. nóvember 2010

Bæjarráð furðar sig á málflutningi formanns stjórnar Leiðar ehf. og þeim hótunum sem fram koma í bréfinu.

Bæjarstjóra falið að bregðast við bréfinu.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:10

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)